



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2024

2411017SA VRB
Málalykill: 12.00

Efni: Umsögn um aðgerðaáætlun um gervigreind, S-223/2024

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 7. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um aðgerðaáætlun um gervigreind.

Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur undanfarin misseri lagt mikla áherslu á þéttara samstarf ríkis og sveitarfélaga í stafrænum málum. Eins og bent er á í aðgerðaáætluninni getur sérstaða Íslands sem smáþjóðar verið styrkur en til þess að svo megi verða er mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni þétt saman.

Sambandið leggur því áherslu á þátttöku Sambandins og sveitarfélaganna í þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í áætluninni og óskar eftir að vera bætt við sem samstarfsaðila við þær aðgerðir sem tengjast beint eða óbeint sveitarfélögunum. Er þar t.d. bent á aðgerðir A1, B2, B4, B6, C1, C3, D2, D4, D5 og D6.

Þá óskar Sambandið jafnframt eftir fundi með ráðuneytinu til að ræða aðkomu Sambandsins og sveitarfélaganna að fyrirliggjandi aðgerðum með áherslu á aukna samvinnu og samstarf í stafrænum málum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur

Skjal sótt af '9999999999' dags: 12.02.2025